

Borgarstjórn
4. febrúar 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á stofnsamningi SORPU bs.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til eigendahóps SORPU bs. að beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á stofnsamningi byggðasamlagsins vegna samsetningu stjórnarinnar þannig að Reykjavík, langstærsti eigandinn, geti sinnt betur eftirlitshlutverki sínu.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg, sem er eins og áður segir, langstærsti eigandinn í SORPU bs. hefur aðeins einn af sex stjórnarmönnum í byggðasamlaginu. Lagt er til að aðkoma borgarinnar að stjórninni sé nær því að vera í hlutfallslegu samræmi við eignarhlut borgarinnar, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa margsinnis bent á þá staðreynd að svo er ekki, m.a. á fundi borgarráðs 3. október 2019. Á borgarstjórnarfundi 17. september á síðasta ári samþykkti borgarstjórn að ábyrgjast lánveitingu til SORPU bs. upp á einn og hálfan milljarð króna pro rata. Með því að ábyrgjast lán byggðasamlagsins var borgin að veðsetja framtíðar útsvarstekjur Reykjavíkurborgar svo fyrirtækið gæti tekið lán vegna framúrkeyrslunnar. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust alfarið gegn þeirri ráðstöfun enda óskynsamlegt að veita veð í útsvarstekjum skattgreiðenda í Reykjavík vegna lausataka í rekstri byggðasamlagsins. Þá er vakin athygli á því að ábyrgð Reykjavíkurborgar er komin yfir eitt hundrað milljarða króna í bæði B-hluta fyrirtækjum borgarinnar og byggðasamlögum. Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg sé fjölskipað stjórnvald þá hefur minnihlutinn í Reykjavík enga aðkomu að stjórn SORPU og því er framúrkeyrslan sjálf og eftirmálar hennar alfarið á ábyrgð meirihlutans í borginni. Í ljósi framanritaðs telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks fullt tilefni til að taka upp stofnsamning SORPU. Hér er lagt til að eigendahópnum verði falið að koma með tillögu að slíkum breytingum.